

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 76 8. marz 1968 og síðari breytingar á henni.

Íðnaðarráðuneytið, 7. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Þingeyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Þingeyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefn manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 5 000.00 krónum.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Þingeyrarhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1970.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. október 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —, er gjöf til Miðdalahrepps, Dalasýslu, frá Jóni Sumarliðasyni, fyrrv. bónda og hreppstjóra, frá Breiðabólstað í Miðdölum í tilefni af 70 ára afmæli hans hinn 13. september 1959. Fé þetta er nú geymt í sparissjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Sjóður þessi skal ávallt geymdur í ríkistryggðri peningastofnun, eða á annan öruggan hátt. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og $\frac{1}{5}$ vaxta sé árlega lagður við höfuðstólinn. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er honum kunna að berast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim bændum í Miðdalahreppi verðlaun, er fódra og hirða jafn bezt búfé sitt, hross, nautgripi og sauðfé. Ef búnaðarhættir breytast svo í framtíðinni, að fleiri búgreinar geti komið til, sem ein aðalbúgrein, t. d. alifugla- og svínarækt, þá getur sú framleiðsla einnig náð til þessara verðlauna.

5. gr.

Forðagæzlumenn hreppsins skulu að lokinni seinni skoðun, vetur hvern, afhenda stjórn sjóðsins skriflega nöfn þeirra tveggja bænda eða einum fleira en verðlaun geta hlotið hverju sinni, er þeir álita, að fódri jafn bezt búfénað sinn.

6. gr.

Hreppsnefnd Miðdalahrepps hefur á hendi stjórn sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar verðlaunum að fengnum tillögum forðagæzlumanna.

8. gr.

Sama bónda séu ekki veitt verðlaunin oftár en þrjú ár í röð, að þremur árum liðnum getur hinn sami fengið þau aftur í 3 ár og endurtekur það sig á víxl.

9. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að til úthlutunar geti komið eitt þúsund krónur, má veita tveimur bændum verðlaunin, og þeim þriðja á sama hátt, þegar vextir til úthlutunar ná kr. 1500.00 — fimmtán hundruð —, en aldrei fleiri en þremur ár hvert. Ekki minni upphæð en kr. 500.00 — fimm hundruð —, og aldrei hærri en eitt þúsund til hvers árlega.

10. gr.

Skrá skal í bókina árlega nöfn og heimili þeirra bænda, er verðlaun hljóta ár hvert.

11. gr.

Stjórn sjóðsins kys sér sjálf formann og skal hann geyma bókina á tryggum stað og annast fjárhald sjóðsins.

12. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum sveitar-sjóðsreikninga Miðdalahrepps.

13. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlauna-sjóð Miðdalahrepps frá 9. apríl 1962.